

Fundur 13. janúar 2011

Mættir: Selma, Siggi, Hildur, Karen Jenny, Axel og Særún.

Fundurinn með Rannveigu, formanni skólanefndar:

- Var útskýrt að það hafi komið loforð um að umferðaöryggi barna yrði bætt en ekki væri verið að standa við það.
 - Niðurstaðan var að tala við Jón Inga, yfirmann hönnunardeildar, um að fara með Rannveigu og skoða umhverfið. Þau ætla að fylgjast með umferðinni nokkra morgna kringum Álfhólsskóla.
 - Hafa samband við Rúnar Ívarsson, sem var í foreldrafélagi Hjallaskóla, þar sem hann var að vinna að þessum málum.

Gangaverðir

- Rætt við þá í byrjun ágúst.
- Þeir fá 6000 kr. á mánuði fyrir að standa við gangbrautir á morgnana þegar börnin eru að koma í skólann.
- Í dag eru tveir eftir sem eru við Þverbrekku/Álfhólsveg og við Hjallakirkju/Álfaheiði.

Umferðaröryggi

- Forgangurinn voru ljósín í kringum skólann.
- Niðurstaðan var að hafa frekar gangbrautarverði í stað gönguljósa til að byrja með.

Skipa starfshóp til að vinna að umferðaöryggi barna okkar.

- Fá kirkjuna með.
- Fá leikskólann með.
- Fá upplýsingar frá Rúnari Ívarssyni.
- Byrjum á að senda á alla foreldra.

Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa

- Stefna á námskeið fyrstu vikuna í febrúar. Leggjum til miðvikudaginn 2. febrúar frá kl. 19:00 - 22:00.
- Aðstandendalistinn ekki enn tilbúinn.
 - Búið að senda oft pósta.
 - Fá nafnið á verkefnastjóra skólastjóra.
 - Reyna að fá listann fyrir næsta miðvikudag.
- Skipulag:
 - Axel sér um veitingar; samlokubakka og desertbakka.
 - Setja inn á heimsíðu um leið og við vitum dagsetningu, ítrekun þegar nær dregur.
 - Boða fund viku fyrir námskeið, hringja 2 dögum fyrir.
 - Einhverjir mæta að minnsta kosti 30 mínútum fyrr.

Hugmyndabanki

- Kom hugmynd um að hafa hugmyndabanka á heimasíðunni um hvað hægt er að gera í bekkjunum.
- Tala um það á bekkjarfulltrúanámskeiðinu.
- Við byrjum á að setja inn á heimasíðuna:
 - Flöskufleyting.
 - Spilabúðin með kynningu.

Næstu viðburðir

Öskudagur:

- Hafa samband við skólastjóra og athuga hvort foreldrafélagið komi þar að. Klárað á næsta fundi.

Hitta nemendaráð

- Boða þau á næsta fund og spyrja þau hvað þau vilji að við gerum fyrir þau. Boða þau tímalega svo þau geti undirbúið sig fyrir fundinn. Fáum Reyni til að hafa samband við nemendaráð.
- Við verðum áfram eftir það og setjum okkur starfsreglur.
 - Setjumst yfir lögina í sitthvoru lagi og komum með einhverja punkta.

Hitta félagsmiðstöðina í mars.

Boða aðalfund foreldrafélagsins með þriggja vikna fyrirvara og gefa fólki tvær vikur til að koma með breytingatillögur. Ekki gera slíkt á fundinum sjálfum. Boða svo aftur fund viku fyrir aðalfund.

Athuga að boða skólastjóra á næsta fund stjórnar foreldrafélagsins.

Skólaráðsfundur

Fengum svör við öllum spurningum.

- Sendir okkur svörin í tölvupósti.
- Setja á heimasíðuna.

Mötuneytismál:

Kvörtunum foreldra komið á framfæri til skólaráðs.

- Niðurstaðan var að fá nokkra foreldra til að borða matinn í mötuneytunum með börnunum og hjálpa þannig skólastjórnendum til að meta fæðið.
- Senda póst á foreldra og við veljum þá eftir tilsvörunum.
- Væri gott að kostnaðargreina mötuneytin.

Hugmynd að texta til foreldra út af mötuneytunum:

Á skólaráðfundi, 25. nóvember síðastliðinn, var komið á framfæri kvörtunum um mötuneytismál frá foreldrum skólabarna. Ákveðið var að fá hjálp foreldra við að meta matinn. Óskað var eftir einu foreldri úr hverjum árgangi Digranesmegin og fjórum foreldrum

Hjallamegin til að koma í skólann og borða með krökkunum. Þeir foreldrar sem bjóða sig fram í verkefnið fá gátlista til að fylla út (hver gerir lista?).

Nú óskar stjórn foreldrafélagsins eftir foreldrum sem tilbúnir eru að bjóða sig fram.
Særún talar við skólastjórnendur um nákvæmari útlistun á framkvæmdinni.

Önnur mál

Laufabrauðsdagur:

Gekk vel.

Á eftir að ganga frá uppgjöri.

Afgangur af vörum fara til foreldra sem sáu um daginn.

Fyrri stjórn:

- Siggí hafði samband við Gerði. Hún ætlar að ganga frá ákveðnum málum við Sigrúnu skólastjóra í þessari viku og skilar svo af sér fljótlega eftir það.
- Axel talar um upphæð sem Digranes skilaði inn í haust og eitthvað er komið inn út af foreldraleikfimi.
- Athuga laun þegar innkoman er orðin meiri inn á reikning foreldrafélagsins.
- Hefur ekki fengið reikning fyrir bikar.
- Leikfimin fékk að kaupa stimpil.